Þriðjudaginn 4. júní 1940.

Nr. 22/1939. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Jóns Eiríkssonar**

gegn

Sveinafélagi múrara.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. sept. f. á. Í októbermánuði f. á. var ákveðið að skipta flutningi máls þessa, og voru þrjár fyrstu stefnukröfurnar teknar til meðferðar þá og kveðinn upp dómur um þær 13. okt. f. á. Var í þeim dómi ákveðið, að málskostnaður, að því er þann hluta málsins varðaði, skyldi falla niður. Auk þeirra krafna, er dæmdar voru 13. okt. f. á., hafði stefnandi gert þær kröfur í stefnu, að honum yrði dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda og stefndi dæmdur í sekt fyrir samningsrof. Í nóvembermánuði f. á. féll stefnandi frá skaðabótakröfu sinni, og við flutning máls þessa hér fyrir rétti 28. maí s. l. féll hann frá sektakröfu sinni með skírskotun til þess, að samskonar kröfu hefði verið hrundið af félagsdómi með dómi í málinu nr. 26/1939. Hins vegar krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda. Stefndi krafðist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Þar sem máli þessu er svo háttað sem að framan greinir, þykir eftir atvikum mega láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 11. júní 1940.

Nr. 14/1939. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Diðriks Helgasonar**

gegn

Sveinafélagi múrara.

Ágreiningur um það, hvort stofnazt hafi vinnusamningur. Múrarameistari ekki talin hafa skuldbundið sig til þess að vinna ekki sjálfur með sveinum sínum. Stéttarfélag